



Menntaskólinn á Egilsstöðum

**Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2020-2021**

júní 2021

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	2
Fjarnemakönnun	3
Áfangamat	6
Starfsmannakannanir	9
Stofnun ársins.....	9
ME-púlsinn.....	10
September – Covid og líðan starfsmanna	10
Nóvember – Endurmenntun.....	11
Febrúar – Canvas og áfangamat.....	11
Apríl - Ferðavenjukönnun.....	12
Starfsmannapúlsinn.....	13
Nemendakönnun.....	14
Nemendakönnun.....	14
Könnun á viðhorfum nemenda vor 2021	17
Lokaorð.....	19

Almennt um starfið

Skólaárið 2020-2021 var að störfum sjö manna nefnd um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Hana skipuðu þau Jón Ingi Sigurbjörnsson (verkefnisstjóri), Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Viðar Örn Hafsteinsson, Dagur Skírni Óðinsson, Maríanna Jóhannsdóttir og Bergþóra Arnórsdóttir. Á skólaárinu voru haldnir 16 fundir sem námu 110 vinnustundum. Vinnustundir vegna rannsóknarvinnu og skýrslugerðar voru 76. Ótalin er þá vinna mannauðsstjóra við úrvinnslu kannana til kynningar fyrir starfsmenn.

Eins og önnur ár þá hófst vinna innra mats (IM) nefndar strax í skólabyrjun.

Ákveðið var undir lok síðasta skólaárs að senda út fleiri og styttri kannanir bæði til nemenda og starfsfólks og ganga þær kannanir undir nafninu ME-púlsinn en efni þeirra var til að mynda ferðavenjur starfsmanna, endurmenntun og áhrif Covid19 á líðan en heimsfaraldurinn hafði mikið að segja um breytta starfsemi skólans sem bæðu nemendur og starfsfólk fundu fyrir á eigin skinni.

Skólinn tók venju samkvæmt þátt í könnuninni um stofnun ársins sem og starfsmannapúlsi sem var sendur út til starfsfólks. Niðurstöður þar voru að langmestu leyti afbragðs góðar og sýna ME sem góðan vinnustað.

Þá var sendur út skólapúls til nemenda að hausti 2020 sem og könnun til nemenda á vorönn 2021. Niðurstöður skólapúlsins voru í samræmi við aðra skóla á landinu þar sem líðan nemenda á framhaldsskólastigi hefur farið versnandi á milli ára og má gera ráð fyrir því að Covid-19 spili þar nokkuð stórt hlutverk.


Að endingu var framkvæmt áfangamat og gafst nemendum þar tækifæri til að tjá skoðun sína á þeim áföngum sem þau voru í á þeim tímapunkti en það er mikilvægt verkfæri fyrir kennara til að geta bætt kennslu sína enn frekar, þó svo að niðurstöðurnar heilt yfir sýni að bæði dagskólanemar og fjarnemar séu ánægðir með kennsluna og námið við ME.

Almennt séð gekk starf IM vel á árinu þó svo að tímarnir hafi verið fordæmalausir og niðurstöður rannsókna nefndarinnar hafa vonandi leitt til enn betra skólastarfs.

Fjarnemakönnun


Á vorönn 2020 var linkur á könnunina var sendur á alla nemendur sem höfðu lokið áfanga í fjarnámi á haustönn 2019 og fyrri vörspönn 2020 ásamt þeim sem voru skráðir á seinni vörspönn 2020. 692 einstaklingar fengu linkinn sendan. 282 svöruðu könnuninni eða 41%.

Ástæða þess að niðurstöður könnunarinnar eru kynntur í skýrslu skólaársins 2020-2021 er sú að ekki gafst tími til að vinna niðurstöðunnar á síðasta kennsluári og verða þær því kynntar hér.




Á skólaárinu 2019-2020 þegar að könnunin var framkvæmd var skólinn í miðjum klíðum að skipta um kennsluvef úr Moodle yfir í Canvas sem skólinn tók alfarið upp á kennsluárinu 2020-2021. Þó svo að skólinn hafi notast við tvo kennsluvefi á þeim tíma sem könnunin fór fram má sjá á niðurstöðum að fjarnemar voru almennt ánægðir með skipulag áfanga og að þeim gekk vel að nota kennsluvefina.

Kennarar svara fyrirspurnum mínum að jafnaði




Í kringum 90% kennara svara fyrirspurnum innan tveggja daga sem er ánægjulegt og stuðlar að meiri ánægju fjarnema en það vekur undrun að sjá að nokkrir fjarnemar hafi upplifað það að bíða eftir svári í meira en viku.

Mér finnst gögn sem eru á kennsluvefnum (Moodle, Canvas)




Vel yfir 90% fjarnemdanemenda telja gögn á kennsluvef vera góð eða mjög góð sem er ánægjuleg niðurstaða fyrir kennara.

Spannir henta mér vel




Gríðarleg ánægja er meðal fjarnema með spannir og sú staðreynd að ME kennir í spönnum en ekki önnur er vafalítið ein af ástæðum þess hve vinsælt fjarnám við ME er.

Hvers vegna ert þú í fjarnámi?



Ýmsar ástæður eru fyrir því að nemendur velja sér fjarnám. Algengasta ástæðan sem nemendur gáfu upp var að þeir væru að flýta fyrir sér í dagskóla og þar á eftir var ástæðan sú að viðkomandi væri í vinnu og þá hentar fjarnám í flestum tilfellum betur en dagskóli.

Ég get mælt með fjarnámi í ME



Eins og lesa má úr niðurstöðum sem hafa verið kynntar þá líkar fjarnemarum við ME langflestum við námið, samskiptin og kennarana og það er því gleðilegt að 95% þeirra telja sig geta mælt með fjarnámi í ME.

Áfangamat

Í lok nóvember 2020 á seinni haustspönn skólans var sent út áfangamat bæði til fjarnema og dagskólanema við ME.

Tilgangur könnunarinnar var að kanna ánægju nemenda með þá áfanga sem þau voru í á þeim tímapunkti og/eða höfðu verið í á fyrri haustspönn. Jafnframt voru nemendur beðnir um að ígrunda eigin vinnu. Niðurstöðurnar komu síðan sundurliðaðar eftir áföngum og fengu kennarar aðgang að niðurstöðunum í eigin áföngum. Hér verður þó aðeins stiklað á stóru og heildarniðurstaða bæði áfangamats fjarnema og dagskólanema kynnt.

Áfangamat fjarnema var lagt fyrir nemendur í 535 áföngum og 185 þeirra svöruðu áfangamatinu.

Samskipti mín við kennarann eru góð.

1. Sammála 71% (131/184)
2. Frekar sammála 22% (40/184)
3. Frekar ósammála 4% (8/184)
4. Ósammála 3% (5/184)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 184 af 185

Svarhlutfall: 99%

Svör fjarnema gefa það til kynna að samskipti þeirra við kennara skólans séu algjörlega til fyrirmyndar og yfir 90% nemenda eru á því að samskiptin séu góð eða mjög góð.

Ég hef tekið framförum í áfanganum.

1. Sammála 54% (98/183)
2. Frekar sammála 38% (69/183)
3. Frekar ósammála 8% (15/183)
4. Ósammála 1% (1/183)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 183 af 185

Svarhlutfall: 99%

Langflestir fjarnemar telja sig hafa tekið framförum í áfanganum sem þeir sátu.

Vinnuálag í áfanganum er hæfilegt.

1. Sammála 47% (87/184)
2. Frekar sammála 32% (58/184)
3. Frekar ósammála 13% (24/184)
4. Ósammála 8% (15/184)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 184 af 185

Svarhlutfall: 99%

Þá töldu um 80% nemenda vinnuálagið vera hæfilegt eða nokkuð hæfilegt.

Aðrar spurningar í könnun fjarnema gáfu af sér svipaða mynd og gefa til kynna ánægju fjarnema með kennslu, skipulag og álag í fjarnámi.

Þegar **áfangamat dagskólanema** er skoðað eru niðurstöðurnar heilt yfir jákvæðar.

Áfangamatið var lagt fyrir nemendur í 715 áföngum og svöruðu 480.

Hafa verður í huga að hluti kennslunnar á haustspönn fór bæði fram í fjarnámi og í blönduðu námi þar sem helmingur nemenda fékk að mæta í skólann á meðan hinn helmingurinn var annarsstaðar í rafrænum kennslutíma.

Ég skila verkefnum á réttum tíma.

1. Sammála **74%** (344/468)
2. Frekar sammála **19%** (87/468)
3. Frekar ósammála **6%** (29/468)
4. Ósammála **2%** (8/468)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 468 af 480
Svarhlutfall: 98%

Almennt telja dagskólanemar að verkefnaskil þeirra séu á réttum tíma og eru það innan við 10% nemenda sem telja skilin almennt ekki vera á réttum tíma hjá sér.

Samskipti mín við kennarann eru góð.

1. Sammála **73%** (344/470)
2. Frekar sammála **23%** (109/470)
3. Frekar ósammála **3%** (12/470)
4. Ósammála **1%** (5/470)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 470 af 480
Svarhlutfall: 98%

Samskipti dagskólanema við kennara eru mjög góð í skólanum og þannig telja 96% nemenda sig eiga góð eða mjög góð samskipti við kennarana sína.

Kennarinn er hvetjandi.

1. Sammála **71%** (334/468)
2. Frekar sammála **23%** (107/468)
3. Frekar ósammála **4%** (19/468)
4. Ósammála **2%** (8/468)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 468 af 480
Svarhlutfall: 98%

Að mati dagskólanema eru kennarara við skólann heilt yfir hvetjandi og þegar spurt er hvort kennarar sýni fram á tilgang með náminu þá telja lang flestir svo vera.

Mér líkar leiðin sem kennarinn valdi til kennslu áfangans í Covid ástandinu.

1. Sammála 66% (307/465)
2. Frekar sammála 23% (105/465)
3. Frekar ósammála 8% (37/465)
4. Ósammála 3% (16/465)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 465 af 480

Svarhlutfall: 97%

Þá töldu um 9 af hverjum 10 skólann hafa farið góða eða nokkuð góða leið í að bregðast við því ástandi sem skapaðist í kennslu vegna Covid-19.

Í opnum svörum bæði dagskóla- og fjarnema komu svo ýmsar gagnlegar ábendingar fram sem og hrós til starfsfólks og kennara.


Starfsmannakannanir

Stofnun ársins

ME fékk merki fyrirmyndarstofnunar 2020 vegna góðrar niðurstöðu úr Stofnun ársins 2020. Menntaskólinn á Egilsstöðum er í 5. sæti yfir meðalstórar stofnanir þegar niðurstöður könnunarinnar voru kynntar, en stofnunum er skipt upp í litlar, meðalstórar og stórar stofnanir. Heildareinkunn ME eru 4,44 af 5 mögulegum sem setur skólann í 4. sæti meðal framhaldsskóla landsins. Ef heildarlisti allra stofnana er skoðaður er ME í 11. sæti.



Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki




Stofnun ársins var ekki lögð fyrir vorið 2021 heldur var stofnunum boðið upp á að gera sér könnun með áherslu á Covid. ME þáði það ekki, enda er framkvæmt töluvert af könnunum innan stofnunarinnar, meðal annars vegna Covid.

ME-púlsinn

Ákveðið var í lok skólaársins 2019-2020 að leggja fyrir fleiri litlar púls kannanir til að kanna stöðuna á þeim tíma sem lagt er fyrir. Mismunandi viðfangsefni voru lögð fyrir, eftir því hvað brann á innra matinu hverju sinni. Kannanirnar voru mjög stuttar og voru ýmist lagðar fyrir kennara, alla starfsmenn eða nemendur (nemendapúls er undir nemendakannanir í þessari skýrslu).

September – Covid og líðan starfsmanna


Fyrsti ME púlsinn var lagður fyrir í september og snerist um covid og líðan starfsmanna. Könnunin var lögð fyrir kennara í ME og var svörunin 70%. Almennt báru kennarar sig vel yfir Covid lokunina en þótti erfitt að kenna á sama tíma í stað og fjarkennslu. Flestir upplifðu að þeir fengju stuðning í starfi og upplýsingaflæðið var gott.



Nokkrar gagnlegar ábendingar komu fram, margar hverjar um umbun vegna Covid tímans vorið áður.

Nóvember – Endurmenntun

Nóvember púlsinn var lagður fyrir alla starfsmenn með áherslu á endurmenntun. Niðurstöður hafa verið nýttar til að gera drög að endurmenntunaráætlun sem verður unnið með næsta haust.



Myndin sýnir þau 6 námskeið sem voru vinsælust af þeim möguleikum sem settir voru fram. Þá var einnig spurt hvort starfsmenn myndu nýta sér fjarnámskeið og fyrirlestra ef þeir yrðu teknir saman á einn stað. Afgerandi svörin voru við því og sögðu allir nema 1 svarenda að þeir myndu nýta slíkt. Margar hugmyndir voru nefndar sem möguleg innanhúss námskeið og einnig sem námskeið utan ME. Í lok könnunar var spurt um Búbót og starfsemi hennar. Margar góðar tillögur komu fram þar.

Febrúar – Canvas og áfangamat

Febrúar púlsinn var lagður fyrir kennarahópinn. Spurt var um innleiðingu Canvas kennslukerfisins, beðið um ábendingar varðandi samræmingu áfanga í Canvas og spurt um áfangamat. Unnið var svo frekar með áfangamatið og framtíð þess á kennarafundi.

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	TOTAL
Ég er ánægð/ur með að skólinn tók upp Canvas kerfið	87.50% 21	12.50% 3	0.00% 0	0.00% 0	24
Ég fæ þann tæknilega stuðning sem ég þarf við Canvas	79.17% 19	20.83% 5	0.00% 0	0.00% 0	24
Mér gengur sífellt betur að nota Canvas	83.33% 20	16.67% 4	0.00% 0	0.00% 0	24
Ég tel að við ættum að samræma útlit einstakra áfanga í Canvas	20.83% 5	45.83% 11	16.67% 4	16.67% 4	24


Almennt er mikil ánægja með innleiðingu Canvas og hvernig staðið var að því. Skiptar skoðanir voru á því hvort ætti að samræma útlit einstakra áfanga í Canvas en unnið er að samræmingu praktískra upplýsingabátta.

	MJÖG SAMMÁLA	SAMMÁLA	ÓSAMMÁLA	MJÖG ÓSAMMÁLA	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
Ég tel að áfangamatið eigi að vera eins og það hefur verið	13.64% 3	68.18% 15	18.18% 4	0.00% 0	22	2.05
Ég tel að áfangamat ætti að vera á hverri spönn	16.67% 4	25.00% 6	58.33% 14	0.00% 0	24	2.42
Mér finnst að kennarar ættu að ráða meiru um hvaða spurningar koma fram í áfangamati	21.74% 5	39.13% 9	39.13% 9	0.00% 0	23	2.17
Mér finnst að áfangamat ætti að vera meira í höndum kennara	4.17% 1	37.50% 9	54.17% 13	4.17% 1	24	2.58
Ég tek niðurstöðum áfangamats yfirleitt alvarlega	50.00% 12	41.67% 10	8.33% 2	0.00% 0	24	1.58
Ég bregst við á viðeigandi hátt eftir niðurstöðum áfangamats	50.00% 12	45.83% 11	0.00% 0	4.17% 1	24	1.58

Meirihluti er á því að áfangamatið ætti að vera með svipuðum hætti og verið hefur en þó vilja kennarar ráða meiru um hvaða spurningar koma fram. Tæpur helmingur kennara er á því að áfangamatið eigi að vera meira í höndum kennara og rúmlega 91% kennara taka niðurstöður áfangamats alvarlega.

Apríl - Ferðavenjukönnun

Könnunin var lögð fyrir alla starfsmenn ME og svöruðu 60% starfsmanna, 20 konur og 11 karlar. Í grunninn er könnunin frá umhverfisstofnun en aðlöguð að þörfum ME. Helst er frá því að segja að tæplega 45% svarenda ganga eða hlaupa til vinnu, 6,67% hjóla. Sóknarfæri er varðandi þá sem nýta sér bensín/dísil einkabíla. Niðurstaðan er sú að ME verið nokkuð sáttur við ferðamáta starfsmanna.







Starfsmenn voru jákvæðir fyrir því að nota umhverfsvænan farkost og margir voru áhugasamir um kynningu á samgöngusamningi. Almenn ánægja er með umhverfismálin í ME.

Starfsmannapúlsinn


Starfsmannapúlsinn var lagður fyrir í apríl 2021. Rannsóknin var aðkeypt meðal annars til að fá samanburð við aðrar stofnanir. Það svöruðu 45 af þeim 50 sem fengu könnunina senda, eða 90%.

Heildar niðurstöður eru frábærar fyrir ME og styðja aðrar niðurstöður sem fengust í vetur. Helstu þættir eru eftirfarandi:





Helstu þættir sem þarf að bæta snúa að viðmóti starfsmanna hvers til annars, vera meira styðjandi, hvetjandi og til staðar fyrir hvert annað. Þá er einhver einn sem upplifir sig lagðan í einelti og þar er verkefni sem þarf að skoða gaumgæfilega því ekkert slíkt hefur verið tilkynnt. Einhverjir upplifa aldurstengda mismunun. Þrátt fyrir þessi verkefni eru niðurstöður almennt góðar, mikil ánægja með vinnustaðinn og samstarfsfólk. Einn starfsmaður sagði það vera eins og að koma heim að mæta til vinnu sinnar. Eftir erfiðan Covid vetur verður vonandi bjart framundan í félagslegu tilliti þegar haustar á ný.



Nemendakönnun


Nemendakönnun

Við framkvæmd nemendakönnunar vetrarins var ákveðið að fara sömu leið og árið á undan, þ.e. að taka þátt í Skólapúlsinum.

Markmið Skólapúlsins er að mæla þætti sem lúta að námsumhverfi, virkni í námi, líðan og auk þess gefst nemendum tækifæri til að svara opnum spurningum. Einn meginkostur þess að taka þátt í Skólapúlsinum er að skólanum gefst tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu. Það var aðalástæða þess að ákveðið var að taka þátt annað árið í röð.


Úrtakið samanstóð af 168 nemendum og var svarhlutfall rúm 91%. Könnunin var gerð í október 2020.

*Tölfræðilega marktækur munur samkvæmt kí-kvaðrat prófi.




Á þessari mynd sést hvernig hlutfall þátttökuskólanna dreifist. Hlutfall skólans er merkt með grænum punkti á myndinni og hlutfall viðmiðunarhópsins er merkt með rauðri línu.

Við getum verið sátt í ME með viðhorf og hollustu nemenda til skólans en það er yfir landsmeðaltali þeirra framhaldsskóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum.



Á þessari mynd sést niðurstaða skólans í samanburði við niðurstöðuna á landsvísi eftir þátttökuárum. Græna línan sýnir niðurstöðu skólans og rauða línan sýnir niðurstöðuna á landsvísi.

Þetta sýnir að stuðningur kennara í ME er ennþá meiri en í viðmiðunarskólunum.




Á þessari mynd sést niðurstaða skólans í samanburði við niðurstöðuna á landsvisu eftir þátttökuárum. Græna línan sýnir niðurstöðu skólans og rauða línan sýnir niðurstöðuna á landsvisu.

Námsáhuði nemenda ME er nánast á pari við aðra nemendur í framhaldsskólum landsins.



Á þessari mynd sést niðurstaða skólans í samanburði við niðurstöðuna á landsvisu eftir þátttökuárum. Græna línan sýnir niðurstöðu skólans og rauða línan sýnir niðurstöðuna á landsvisu.


Athygli vekur að nemendur virðast upplifa meiri kvíða en verið hefur.



Á þessari mynd sést niðurstaða skólans í samanburði við niðurstöðuna á landsvísu eftir þáttökuárum. Græna línan sýnir niðurstöðu skólans og rauða línan sýnir niðurstöðuna á landsvísu.

Einelti er einn þeirra þátta sem sífellt þarf að skoða, í ME virðist það vera aukið frá síðustu könnun og meira en í öðrum framhaldsskólum.

*Tölfræðilega marktækur munur samkvæmt kí-kvaðrat prófi.



Á þessari mynd sést hvernig hlutfall þáttökuskólanna dreifist. Hlutfall skólans er merkt með grænum punkti á myndinni og hlutfall viðmiðunarhópsins er merkt með rauðri línu.

Þeir nemendur sem merktu við þunglyndi eru marktækt færri í ME en í öðrum framhaldsskólum sem tóku þátt í Skólapúlsinum.


Þegar kom að opnum spurningum kom fram að nemendum þykir spanakerfið, félagslífið, flestir kennarar og mötuneytið gott. Hvað líðan nemenda varðar nefndu nokkrir að gott væri að hafa aðgang að sálfræðingi í skólanum en langflestir töluðu um að þeim liði vel í skólanum.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að skólinn má vel við una í samanburði við aðra skóla og einnig að jákvæð breyting hefur orðið á flestum þáttum á milli kannanna.


Könnun á viðhorfum nemenda vor 2021

Lagður var fyrir stuttur ME púls fyrir nemendur í apríl 2021. Ástæðan var að ekki var búið að leggja fyrir könnun varðandi ýmsa þjónustuþætti er snúa að nemendum frá árinu 2019. Könnunin var send á 147 netföng dagskólanema og var svarhlutfallið 75,5%. Spurt var um heimavist, mötuneyti, nemendabjónustuna, líðan í skólanum og fardaga.


Almenn ánægja er með heimavist og mötuneyti og samskipti við starfsmenn. Ábendingar varðandi heimavist snéru mikið að viðhaldi og ábendingar í mötuneyti snéru mikið að smekk nemenda um mat, vildu meira kjöt, minna kjöt, meira grænmeti, minna grænmeti og svo framvegis.



Sérlega góðar niðurstöður voru fyrir nemendabjónustuna sem er að standa sig með miklum sóma. Í samanburðarmynd við fyrri ár sést sífellt aukin ánægja nemenda.



Líðan nemenda var mjög góð þrátt fyrir erfitt Covid19 skólaár.



Spurt var um fyrirkomulag fardaga og voru nokkrar góðar ábendingar sem komu þar. Þeir sem mættu á fardaga voru sáttir við framboðið af námskeiðum og skemmtu sér almennt vel en finna þarf leiðir til að virkja fleiri til þátttöku. Nokkuð almenn skoðun nemenda var að þeir ættu frí þessa daga. Ein ábending um bætt fyrirkomulag var að nefndir í nemendaráðinu myndu allar hafa námskeið til þess að fá krakka til að prófa fleira sem tengist nemendaráðinu og félagslífi skólans. Þetta er góð ábending sem vert er að skoða vel.

Lokaorð

Innra matshópurinn vann á starfsárinu skv. langtíma áætlun sinni en sú nýtbreytni var viðhöfð að taka púlsinn nokkrum sinnum yfir veturinn á nokkrum atriðum sem tengjast skólastarfinu. Það reyndist vel.

Við úrvinnslu þeirra kannana sem lagðar voru fyrir í vetur vekur athygli að ME kemur almennt vel út úr þeim. Nemendur eru ánægðir með flest það sem lýtur að skólastarfinu, koma með gagnlegar ábendingar sem hægt verður að vinna úr og fjarnemar segjast geta mælt með skólanum. Kennarahópurinn er almennt sáttur við aðstöðuna, nýtt kennslukerfi, stuðning sem veittur er og fram kemur að vinnuálagið er síst meira en í öðrum framhaldsskólum skv. aðkeyptum Starfsmannapúlsi. Þá fékk ME merki fyrirmyndarstofnunar 2020 og situr í 4. sæti þegar framhaldsskólar landsins eru skoðaðir sérstaklega.

Verkefnahópur innra mats þakkar nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Starf hópsins hefur gengið vel og með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja eftir því sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Dagur Skírniir Óðinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Marianna Jóhannsdóttir